

Systkinaafsláttur

Ef fleiri en eitt barn eru í dvöl í tómstundaheimili, á leikskóla eða hjá dagforeldrum eiga foreldrar rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Ávallt er greitt fullt verð fyrir yngsta barnið.

Foreldrar sem eiga tvö eða fleiri börn fá 50% afslátt af dvalargjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram tvö. Fullt verð er greitt fyrir fæði.

Tónlistarskóli Borgarbyggðar veitir einnig 25% afslátt af gjaldi annars barns og 50% afslátt af þriðja barni.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. desember 2017.